

**Nd.**

### **139. Frumvarp til laga**

um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gjafir til barnaspítala skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1945.

**G r e i n a r g e r ð.**

Ákvæði frumvarps þessa eru sniðin eftir lögum nr. 128 30. des. 1943, um gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga, að öðru leyti en því, að „árslok 1945“ eru sett í 2. gr. í stað ársloka 1944 í lögnum. Nú hefur kvenfélagið „Hringurinn“ hafið fjársöfnun til byggingar barnaspítala í sambandi við landsspítalann og rekið hana með mesta myndarskap, og telur fjárhagsnefnd þá starfsemi engu síður verðuga þeirra hlunninda, sem veitt voru á síðasta þingi vinnuhælinu. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum.

Nánar í framsögu.